

Borgarráð

Sumarstörf hjá Reykjavíkurborg 2016

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela mannauðsdeild Ráðhúss og Velferðarsviði að standa í sameiningu að ráðningum á 38 ungmennum til sumarstarfa hjá MOF og ÍTR. Um er að ræða tveggja mánaða ráðningar. Fjármögnun verði af liðnum ófyrirséð 09205 sem nemur 12.2 m.kr. inn á liðinn 01750 atvinnumál.

Greinargerð:

Undanfarin ár hafa starfsstaðir Reykjavíkurborgar tekið þátt í fjölmörgum atvinnuátaksverkefnum til að koma til móts við atvinnuleysi síðustu ára. Samhliða minnkandi atvinnuleysi er lögð minni áhersla á atvinnuátaksverkefni hjá Reykjavíkurborg en áður hefur verið. Komið hefur í ljós að starfsstaðir á menningar- og ferðamálasviði og fjölskyldu og húsdýragarðurinn hafi gert ráð fyrir ráðningum í gegnum átaksvirkefni. Til að bregðast við því og tryggja að þessir staðir geti haldið úti þjónustu í sumar munu er gert ráð fyrir að ráðin verði 38 ungmenni inn á umrædda starfsstaði í samstarfi mannauðsdeildar ráðhús og velferðarsviðs.

Heildarkostnaður á mánuði við ráðningu sumarstarfsmanna í umrædd verkefni er 288.745,- kr. á mánuði á mann að meðtöldum launatendum gjöldum. Gert er ráð fyrir mótframlagi frá velferðarsviði sem nemur 129.250,- kr á mánuði og er viðbótarkostnaður við hverja ráðningu því 159.745,- kr. á mánuði á mann. Heildarkostnaður vegna ráðninganna er 12,2 m.kr.

Dagur B. Eggertsson

